

## Orkustofnun

v. Kerfisáætlunar Landsnets  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

13. nóvember 2020

## Umsögn HS Orku hf. til Orkustofnunar vegna kerfisáætlunar Landsnets 2020 - 2029.

Vísað er til kynningar Landsnets á Kerfisáætlun og opins umsagnarferils fyrir hagaðila og almenning.

### Almennt

HS Orka hf. (**HS Orka**) þakkar tækifæri til að veita umsögn um fyrirliggjandi kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2020-2029. Almennt hefur HS Orka þá afstöðu að nauðsynlegt sé að efla og styrkja flutningskerfi Landsnets.

HS Orka fagnar því að Landsnet meti vandlega áhrif ólíkra valkosta kerfisáætlunar á gjaldskrá fyrirtækisins. HS Orka leggur áherslu á að Landsnet kappkosti almennt séð að skipuleggja og tímasetja framkvæmdir sínar þannig að gjaldskrár fyrir flutning raforku haldist innan þeirra marka sem almennar verðlagsbreytingar í landinu gefa tilefni til. Á meðal raforkukaupenda eru fyrirtæki sem eiga í samkeppni, ekki bara innanlands heldur á erlendum mörkuðum og allar hækkunir umfram eðlilega verðlagsþróun gera þeim erfitt fyrir.

### Raforkuverð, verðþróun

HS Orka bendir á að orkuverð hefur farið lækkandi á markaði og er stefna Landsvirkjunar í verðlangingu næstu mánaðar og ára merki um þá þróun. Í slíku árferði er mikilvægt að uppbygging Landsnets og dreifiveitna knýi ekki fram óþarfa hækkun á endanlegu raforkuverði til notenda.

Staðan þessi misseri er sú að raforkusalar, framleiðendur og sölufyrirtæki, eru að lækka sín verð til að afla viðskipta eða viðhalda þeim, á meðan flutnings- og dreifingarfyrtæki boða hækkun gjaldskráa. Það gæti bent til offjárfestingar í sérleyfisstarfsemi miðað við aðstæður. Atvinnugreinin á í samkeppni við raforkuverð í öðrum löndum eða viðskiptasvæðum og gæti það skaðað raforkumarkaðinn til langs tíma ef dreifi- og flutningsgjöld hækka frekar. Þetta varðar samkeppnishæfni landins um ný viðskiptatækifæri, atvinnuuppbyggingu, en þar vegur raforkuverð til endanlegra notenda oft þungt.

### Kerfisáætlun, tímasetningar og verkefni

Í fyrirliggjandi kerfisáætlun er vel, að raforkuspá Orkusparnefndar sé tengd við ólíkar uppbyggingarsviðsmyndir áætlunarinnar og metið hver áhrif sviðmyndanna verða á gjaldskrá.

Mikilvægt er að tímasetningar framkvæmda Landsnets séu í takti við atvinnuuppbyggingu og flutningsþörf frá virkjunum til notenda. Almennt séð er það áhyggjuefni að tímaáætlanir um meðferð og afgreiðslu skipulagsáætlana standast ekki og fara langt fram úr þeim viðmiðum sem sett hafa verið að lögum og reglum skipulagsyfirvalda. Er Suðurnesjalína 2 (SN2) gott dæmi um slíkt verkefni. Mikilvægt er að meta þessa óvissu í skipulagningu framkvæmda og setja raunsæ markmið um verktíma. Um leið á Landsnet að vera óþreytandi í að benda stjórnvöldum á nauðsyn þess að settir tímafrestir fyrir skipulagsgerð, matsvinnu og meðferð kærumála séu haldnir.

### Stækkun Reykjanesvirkjunar

Landsnet og HS Orka hafa að undanförnu átt gott samstarf um virkjunaráform fyrirtækisins á Reykjanesi og hafa einnig rætt og metið stöðu flutningsmála á Reykjanesi. Nú nýverið var undirritaður tengisamningur milli aðila um stækkun tengivirkis Reykjanesvirkjunar vegna byggingar og reksturs nýrrar 30 MW lágþrýstivirkjunar sem nýtir varmaorku frá háþrýstiskiljum núverandi virkjunar.

Í tímaáætlun fyrir stækkun tengivirkisins er gætt samræmis við byggingaráform HS Orku og ekki annað séð en að tímasetningar aðila haldist í hendur. Í nefndum tengisamningi er komið á samráðshópi sem á að sjá til þess að samræmi sé í framkvæmdum aðila þannig að tengivirki verði tilbúið þegar prófanir nýrrar virkjunar eiga að fara fram.

### Suðurnesjalína 2, SN2

HS Orka fagnar því sérstaklega að sjá Suðurnesjalínu 2 komna á framkvæmdaáætlun enda um að ræða framkvæmd sem er tímabær og kemur til með að auka öryggi og gæði til muna en styrkir einnig samkeppnisstöðu HS Orku. Á svæðinu eru mikilvægir innviðir og fyrirtæki sem ekki mega við truflunum á afhendingu og mikil og vaxandi byggð og því er tilkoma viðbótar flutningleiðar áriðandi. Í þessu samhengi er einnig vert að hafa hugfast að kostnaður af skertu aðgengi að flutningsleið getur verið umtalsverður, það á við um bæði í bilanatilvikum og ekki síður í skipulögðu rofi vegna viðgerðavinnu eða prófana Landsnets. HS Orka er að öllu jöfnu að afhenda um 160 MW inn á flutningskerfi á hverri klukkustund og ef reiknað er með því að hver MWh kosti um 6.000 kr þá nemur kostnaður vegna skertrar afhendingu á hverri klukkustund um einni milljón króna auk beins kostnaðar við endurræsingu virkjunareininga. Þannig verða tapaðar tekjur vegna 8 klst viðhaldsvinnu um 8 milljónir króna.

Með tilkomu SN2 má gera ráð fyrir að skyndilegar útleysingar virkjana vegna veðurs eða óhappa muni fækka. Hver klukkustund í slíkum tilfellum er mun dýrari en í skipulögðum viðgerðum/prófunum og kosta vanalega allt að 17.000 kr/MWh, þannig að ein klukkustund með virkjanir úti kosta tæplega 2,8 milljónir króna, auk kostnaðar við mannhald vegna útkalla.

HS Orka áréttar mikilvægi þess að SN2 komist til framkvæmda svo afhendingaröryggi verði áþekkt og þekkt á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. N-1 tenging. Þar liggja hagsmunir notenda á svæðinu ekki síður en hagsmunir HS Orku.

Í tengslum við SN2 fagnar HS Orka áformum um nýtt tengivirki á Njarðvíkurheiði og gerir þar ráð fyrir að það sé besti kostur fyrir uppbyggingu og rekstur framtíðar flutningskerfis á Reykjanesinu. Sama gildir um endurbætur að Fitjum.

### Samkeppnismál

Það skekkir samkeppnisstöðu HS Orku á markaði að hafa einungis eina tengingu við flutningskerfið, eins og lýst er hér fyrir ofan, því stórir framleiðendur og seljendur sem fyrirtækið á í samkeppni við hafa N-1 tengingar fyrir sína framleiðslu. Það er óásættanleg staða fyrir stóran framleiðanda og seljanda raforku.

### VesturVerk, Hvalárvirkjun

HS Orka er meðeigandi að VesturVerki sem undirbýr Hvalárvirkjun. VesturVerk og Landsnet hafa unnið að gerð tengisamings fyrir Hvalárvirkjun og er kappkostað að ljúka gerð hans sem fyrst, en áætlað er að virkjunin tengist flutningskerfinu á nýjum tengistað við innanvert Ísafjarðardjúp. Eiga fyrirtækin að ýmsu leyti samleið í skipulagsmálum og umhverfisráðgjöf og verður unnið að þeim málum á næstu mánuðum. Endanleg tímasetning framkvæmda við Hvalárvirkjun er ekki fastsett en stöðugt er unnið að rannsóknum á vatnasviði virkjunar með það að markmiði að bæta gæði upplýsinga sem þarf við ákvörðun um að ráðast í byggingu virkjunarinnar.



### Virkjunarkostir rammaáætlunar

HS Orka telur Landsnet standa frammi fyrir ærnu verkefni ef litið er til verkefna sem tilkynnt hafa verið til verkefnistjórnar rammaáætlunar. Þar koma fram mýmörg vindorkuverkefni auk hefðbundinna virkjunarkosta. Að auki þarf Landsnet að afla upplýsinga um áform um fyrirhugaðar smávirkjanir þar sem stærð virkjananna eru undir þeim mörkum sem tilkynningarskylda rammaáætlunar kveður á um, þ.e. minni en 10 MWe. Hin síðari ár hefur verið aukinn áhugi á litlum vatnaflsvirkjunum og eru nokkrar þeirra á undirbúningsstigi eða komnar í framkvæmd eða rekstur, eins og virkjun HS Orku, Brúarvirkjun sem hóf rekstur snemma á þessu ári. Þessar virkjanir hafa yfirleitt jákvæð áhrif á staðbundin afhendingargæði og geta áhrif þeirra mælst í flutningskerfi Landsnets.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in blue ink that reads "Ásbjörn Blöndal".

Ásbjörn Blöndal,  
framkvæmdastjóri þróunarsviðs HS Orku